

Viska - stéttarfélag
Ársreikningur
2025

Viska - stéttarfélag
Borgartúni 27
105 Reykjavík
Kt. 491079-0459

Viska - stéttarfélag

Ársreikningur

2025

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Skýringar	7

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Visku - stéttarfélags

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Visku - stéttarfélags fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2025 og afkomu þess á árinu 2025, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur sem gilda um endurskoðun ársreikninga á Íslandi. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á eftirliti með gerð ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Reykjavík 15. apríl 2026.

KPMG ehf.

Sigríður Helga Sveinsdóttir

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Visku - stéttarfélags er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Viska - stéttarfélag er sjálfstætt starfandi stéttarfélag með aðild að BHM, sem er bandalag háskólamanna og heildarsamtök stéttar- og fagfélaga háskólamenntaðra á vinnumarkaði. Meginstarfsemi Visku - stéttarfélags er að vera í forsvari fyrir félagsmenn sína við gerð kjarasamninga og við ákvarðanir sem snerta kjör þeirra. Ársverk á árinu 2025 voru 9,5 en voru árið áður 7,5. Stjórnarmenn fá greitt fyrir stjórnarstörf.

Samkvæmt rekstrarreikningi Visku - stéttarfélags námu tekjur umfram gjöld á árinu 2025 kr. 51.592.425. Hrein eign félagsins í árslok var jákvæð um kr. 532.765.518.

Stjórn Visku - stéttarfélags samþykkir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. apríl 2026.

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundum þann 15. apríl 2026 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir
Stjórnarformaður

Eðvald Einar Stefánsson

Eydís Inga Valsdóttir

Kristjana Mjöll Jónsdóttir Hjörvar

Sigrún Einarsdóttir

Steindór Gunnar Steindórsson

Sveinn Ólafsson

Georg Brynjarsson
Framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Félagsgjöld		534.245.367	468.299.986
Rannsóknar- og fræðslugjald	3	43.666.474	0
Húsaleigutekjur og aðrar tekjur		7.210.000	1.748.006
		<u>585.121.841</u>	<u>470.047.992</u>
Rekstrargjöld			
Framlög til BHM		(97.042.223)	(88.992.434)
Laun og launatengd gjöld	4	(278.570.575)	(233.980.738)
Annar rekstrarkostnaður	5,6	(163.228.129)	(114.921.679)
Afskriftir	8	(11.676.087)	(4.608.739)
		<u>(550.517.014)</u>	<u>(442.503.590)</u>
Rekstrarafkoma fyrir fjármunaliði		34.604.827	27.544.402
Fjármunatekjur		12.096.938	9.323.620
Matsbreyting og hagnaður (tap) af verðbréfaeign		12.012.447	18.163.615
Fjármagnstekjuskattur		(3.929.282)	(7.243.358)
		<u>20.180.103</u>	<u>20.243.877</u>
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags	7	(3.192.505)	638.245
Tekjur umfram gjöld		<u><u>51.592.425</u></u>	<u><u>48.426.524</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir			
Eignarhlutur í húsfélagi BHM sf	7	71.967.526	75.160.031
Áhöld, tæki og innréttingar	8	60.121.732	39.965.815
Hugbúnaður	8	4.131.064	6.286.402
Málverk og ljósmyndir	8	1.852.391	1.852.391
		<u>138.072.713</u>	<u>123.264.639</u>
Veltufjármunir			
Útistandandi félagsgjöld		60.505.291	61.509.659
Aðrar skammtímakröfur		0	2.000.000
Verðbréfaeign	9	278.194.649	232.291.961
Handbært fé		104.007.392	89.955.066
		<u>442.707.332</u>	<u>385.756.686</u>
Eignir		<u>580.780.045</u>	<u>509.021.325</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eigið fé í upphafi árs		456.173.093	382.746.569
Framlag frá Vísindasjóði Visku		25.000.000	25.000.000
Afkoma ársins		51.592.425	48.426.524
Eigið fé		<u>532.765.518</u>	<u>456.173.093</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		13.480.442	20.940.619
Ógreidd laun og launatengd gjöld		34.470.491	31.840.222
Aðrar skammtímaskuldir		63.594	67.391
Skuldir		<u>48.014.527</u>	<u>52.848.232</u>
Eigið fé og skuldir		<u>580.780.045</u>	<u>509.021.325</u>

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Viska - stéttarfélag er stéttarfélag með kennitölu 491079-0459 og er megin starfsemi félagsins fólgin í að vera í forsvari fyrir félagsmenn sína við gerð kjarasamninga og við aðrar ákvarðanir er á einhvern hátt snerta kjör þeirra.

Lögheimili félagsins er að Borgartúni 27, 105 Reykjavík.

Ársverk á árinu 2025 voru 9,5 en voru árið áður 7,5. Stjórnarmenn fá greitt fyrir stjórnarstörf, líkt og árið áður.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum fyrir utan að verðbréfaeign er færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum.

Málverk og ljósmyndir

Málverk og ljósmyndir eru færð til eignar á kostnaðarverði.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers reikningsárs.

Hugbúnaður

Hugbúnaður sem er keyptur sérstaklega er metinn á kostnaðarverði. Eftir upphaflega færslu er hugbúnaður færður á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Hugbúnaður með ákveðinn nýtingartíma er afskrifaður á nýtingartíma og framkvæmt virðismat þegar það eru vísbendingar um að verðmæti þeirra hafi rýrnað. Afskriftartími og afskriftaraðferð hugbúnaðar með ákveðinn nýtingartíma eru endurskoðuð a.m.k. í lok hvers fjárhagsárs. Breytingar á ætluðum nýtingartíma eða ætlaðar breytingar á framtíðar tekjustreymi hefur áhrif á afskriftartímabilið og afskriftaraðferðina, eftir því sem við á og er farið með breytingar á þessum þáttum sem breytingu á reikningshaldslegu mati. Afskriftir á hugbúnaði með ákveðinn nýtingartíma eru færðar til gjalda á rekstrarreikning.

Verðbréf

Verðbréf í eigu félagsins eru skráð á virkum markaði og eru eignfærð á markaðsverði í árslok.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

Innlausn tekna

Félagsgjöld eru færð miðað við innsendar skilagreinar, á því tímabili sem skilagreinar tilheyra.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Leigutekjur eru færðar á því tímabili sem leigan tilheyrir.

Skýringar

3. Rannsóknar- og fræðslugjald

Í kjarasamningi Visku við Ríkissjóð er kveðið á um að vinnuveitandi greiði mánaðarlega framlag til BHM er nemi 0,1% af heildarlaunum félagsmanna. Fjármunum skal verja til eflingar hagfræðilegrar greiningar, fræðslu til trúnaðarmanna og námskeiðshalds í þágu félagsmanna aðildarfélaga BHM. Á árinu 2024 sómdu nokkur aðildarfélög BHM um að þetta gjald væri greitt beint til viðkomandi félags. Stjórn BHM ákvað í framhaldi af þessum breytingum að öll aðildarfélög BHM fengju þetta gjald greitt beint til að gæta samræmis á milli félaga og jafnframt var ákveðið að þessi breyting yrði afturvirk til júlí 2023. Viska fékk greiddar 43,7 millj. kr. vegna þessa á árinu 2025, þar af var 20,3 millj. kr. vegna ársins 2025 og 23,4 millj. kr. vegna 2023 og 2024. Viska tekjufærði allt framlagið á árinu 2025 enda hefur félagið varið hærrí upphæð á tímabilinu júlí 2023 til desember 2025 til hagfræðilegra greininga, fræðslu til trúnaðarmanna og námskeiðshalds í þágu félagsmanna en nam þessu framlagi.

4. Laun og launatengd gjöld

	2025	2024
Laun starfsmanna og þóknanir til félagskjörinna aðila	213.572.967	177.087.078
Launatengd gjöld	56.280.382	44.877.091
Annar starfsmannakostnaður	4.905.742	5.194.455
Áfallið orlof, breyting	3.811.484	6.822.114
	<u>278.570.575</u>	<u>233.980.738</u>

5. Annar rekstrarkostnaður

	2025	2024
Húsnæðiskostnaður	54.820.944	18.709.768
Sérfræðiaðstoð og sérverkefni	23.575.465	27.542.965
Kynningar- og markaðsmál	27.255.337	28.193.401
Þjónusta við félagsfólk	29.649.088	24.080.672
Rekstrarkostnaður skrifstofu	26.021.395	21.494.118
Ferðakostnaður	1.905.900	2.273.033
Endurgreiðsla á ferðakostnaði frá Starfsþróunarsetri	0	(7.372.278)
	<u>163.228.129</u>	<u>114.921.679</u>

6. Húsaleigusamningur

Félagið gerði á árinu 2024 leigusamning um húsnæði að Borgartún 27 í Reykjavík. Samningurinn er til 10 ára en hann tók gildi í júlí 2024 og gildir til júní 2034. Ónúvirtar leigugreiðslur á samningstíma sem eftir er nema 380,2 millj. kr með VSK. Greiddar leigugreiðslur á árinu 2025 námu 44,1 millj. kr. og eru þær færðar til gjalda í rekstrarreikningi á meðal annars rekstrarkostnaðar.

Leigugreiðslur árið 2026	44.723.820
Leigugreiðslur árið 2027	44.723.820
Leigugreiðslur árið 2028	44.723.820
Leigugreiðslur árið 2029	44.723.820
Leigugreiðslur árið 2030	44.723.820
Síðar	<u>156.533.370</u>
Samtals	<u>380.152.470</u>

Skýringar

7. Eignarhlutir í öðrum félögum

Viska á 16,28% eignarhlut í Húsfélagi BHM sf. sem stofnað var á árinu 2004. Eignarhluturinn er færður skv. hlutdeildaraðferð. Með aðferðinni er tekið tillit til rekstrarárangurs og annarra breytinga á eigin fé félagsins.

Breytingar á eignarhlut í Húsfélagi BHM á árinu greinast þannig:

	2025	2024
Eignarhlutir í Húsfélagi BHM í byrjun árs	75.160.031	74.564.982
Hlutdeild í afkomu ársins	(3.104.103)	683.451
Afskrift yfirverðs	(88.402)	(88.402)
Eignarhlutur í Húsfélagi BHM í lok árs	71.967.526	75.160.031

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Áhöld, tæki og innréttingar	Hugbúnaður	Málverk	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða 1.1.2024	3.988.684	8.621.351	1.852.391	14.462.426
Eignfært á árinu	39.747.172	0	0	39.747.172
Staða 1.1.2025	43.735.856	8.621.351	1.852.391	54.209.598
Eignfært á árinu	29.676.666	0	0	29.676.666
Staða 31.12.2025	73.412.522	8.621.351	1.852.391	83.886.264
Afskriftir				
Staða 1.1.2024	1.316.640	179.611	0	1.496.251
Afskrift ársins	2.453.401	2.155.338	0	4.608.739
Staða 1.1.2025	3.770.041	2.334.949	0	6.104.990
Afskrift ársins	9.520.749	2.155.338	0	11.676.087
Staða 31.12.2025	13.290.790	4.490.287	0	17.781.077
Bókfært verð				
Staða 1.1.2024	2.672.044	8.441.740	1.852.391	12.966.175
Staða 1.1.2025	39.965.815	6.286.402	1.852.391	48.104.608
Staða 31.12.2025	60.121.732	4.131.064	1.852.391	66.105.187
Afskriftarhlutföll	10% - 35%	25%	0%	

9. Verðbréfaeign

	2025	2024
Skuldabréf og skuldabréfasjóðir	284.260.276	238.916.223
Fjármagnstekjuskattur af óinnleystum hagnaði	(6.065.627)	(6.624.262)
	278.194.649	232.291.961